

Fyrirlestur fluttur á aðalfundi Prestafélags Suðurlands í júní 2007. Lítilega lagaður að útprentun eða útgáfu í prentmiðli. Hér eftir fer samansafn hugsana, ekki fræðileg úttekt. Ég ætla mér að skoða þau þjóðfélagslegu öfl sem gera tilkall til athygli sóknarprestans, og svara spurningunni sem brennur á mér, og er titill þessarar innlagnar:

Útskiptanleiki presta - í hverra þágu?

Þegar við horfum til þess hvað það þýðir að vera skipaður í embætti, þá var brotið blað hér á landi með fimm ára ráðningunni, þegar æviráðningin var afnumin. Fimm ára ráðningunni var fagnað sem framfaraskrefi í kirkjunni, hún þótti ríma við rétt safnaðar að ráða prest sinn og reka hann ef þyrfti. Í stærra samhengi var hún hluti af starfsmannastefnu ríkisvaldsins, að auka flæði starfsmanna með því að gera yfirmönnum það mögulegt að víkja fastráðnum embættismönnum úr embætti, jafnvel fyrir engar sakir, í lok fimm ára skipunartímans. Vísa ég hér í rök kirkjumálaráðherra vegna ákvörðunar um að auglýsa beri embætti sóknarprestans í Tjarnaprestakalli:

„Ég hef ákveðið, með vísan til þeirrar málsmeðferðar, sem fram hefur farið á grundvelli 40. gr. laga um stöðu, stórn [sic.] og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78 26. maí 1997, svo og með vísan til 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70 11. júní 1996, að [...] embætti[ð] skuli auglýst laust til umsóknar.“

Sjá einnig kafla VI. í nýútkominni handbók um réttindi og skyldur presta.

Kjarni málsins er þessi: Sóknarpresturinn er lykilstarfsmaður, fastráðinn til prestakalls, sem ræður hann og hefur völd til að hrinda af stað ferli sem getur endað með starfslokum hans. Sóknarnefnd eða valnefnd ber enga faglega eða stjórnsýslulega ábyrgð á prestinum. Sú ábyrgð er í höndum kirkjustjórnar, biskups. Ég ætla á þessum stað að fullyrða:

Erfitt er að ráða prest gegn vilja safnaðar og að reka prest gegn vilja kirkjustjórnar.

Fullyrðingin endurspeglar samband þessara tveggja póla sem standa að ráðningu og starfslokum prestans. Sagnorðið “að vilja” og nafnorðið dregið af sögninni “vilji” eru hér áhrifsorðin. Við skulum líka hafa það í huga að orðið “söfnuður” á ekki við einsleitán hóp eða einsleita persónu, á meðan að orðið kirkjustjórn er á stundum bundið við embætti biskups og þeim stofnunum kirkjunnar sem halda um valdið.

Sóknarpresturinn

Snúum okkur fyrst að persónu prestans og spyrjum okkur, hverskonar kröfur eru gerðar til hans. Spyrjum okkur um þá persónu, sem hann þarf að hafa. Spyrjum um

leiðtogahæfileika hans, viðmót, fagmennsku (hver spyr um fagmennskuna?), trú (hver hefur áhuga á trú prestsins?) og búsetu. Kannski hjálpar að horfa á andstæður, búa til loftvog sem gerir okkur það kleift að draga hugmyndir okkar um prestinn í dagsljósið:

Hlý - köld // Nálægur - fjarlægur // Pýramídistjórn - grasrótarstjórn // Tilfinningarök - skynsemisrök // Íhaldssamur - breytandi // Vitandi - lærandi // Virðulegur - alþýðlegur

Loftvog með þessum þrýstipunktum þarf að verða nákvæm, ef hún á að gefa mynd af sóknarpresti. Ég held að ef við horfum til þeirra fyrirmynda sem við eigum úr hópi presta og þegar við lítum á hvaða samkundu presta, sjáum við að engin ein persónugerð er meira ríkjandi eða á meiri rétt á sér en önnur til vígðrar þjónustu. Hverjum þykir sinn fugl fagur og sinn er siður í hverri sveit. Sérhver persóna mótast af samskiptum sínum við umhverfi sitt og leggur til sjálfa sig sem hráefni. Að þessu sögðu mótar presturinn umhverfi sitt og umhverfið mótar prestinn.

Spurningin er hvort presturinn hefur leyfi til þess að þroskast og dafna með umhverfinu og í starfi.

Almennt hlýtur svarið að vera já, annars hættir kirkjan að vera kirkja. Enda erum við prestarnir hvött til að sækja okkur endurmenntun og handleiðslu.

Úr þyrlusýn

Ef persóna prestsins er hráefnið sem mótast í samfélagi við hagsmunaaðila aðra en hann sjálfan og fjölskyldu hans, þá er vert að nefna þá og hagsmuni þeirra.

Kirkjustjórn: prófastur og biskup(ar), sinna afleysingum, tilsjón, ráðgjöf en líka aga og skera úr málum.

Prestakallið: sóknarnefnd (og valnefnd), samstarfsfólk, sem prestur þarf að eiga gott samstarf við; almennt safnaðarfólk, sem skiptast í skjólstaðinga (sálgæsla og fólk á tímamótum), börn, aldraða og aðra sem keppast um athygli prestsins (eða ekki!).

Fjölmiðlar, sem leita að nýjustu sögunni.

Samfélagið í heild sinni (sveitin, þorpið, bærinn eða hverfið, jafnvel borgin), sem vilja geta leitað til prestsins, hafi hann nokkuð að gefa af sér sem þau geta nýtt.

Ég spyr hverjir þessara hagsmunaaðila geta verið virkir, gert rödd sína gilda á kirkju- legum og kirkjupólítískum vettvangi og hverjir ekki. Hver þessara aðila spyr sig eftir- farandi spurninga:

Hvað kostar mig þátttaka mín í kirkjulegu lýðræði og ákvarðanatöku? Þarf ég að mæta á fund, gerast meðlimur í nefnd, taka ábyrgð? Þarf ég að ryðjast inn á svið einhvers, t.d. ættarhöfðingja, vinnuveitanda eða annars gilds meðlims í samfélaginu þar sem ég bý?

Mér er minnisstætt það sem nágranni minn á næsta bæ sagði um þetta: “Við erum svo fá að það er ekki gott að standa í stappi við fólk.” Nágranni minn er vinsæll maður og er nú formaður sóknarnefndar í kirkjunni sinni. Hann mun alltaf standa með presti sínum, enda nágranni hans. Hann mun ekki fara í pólitíska deilu en ef presturinn er þyngdar sinnar virði í gulli, og býður sig fram til sveitastjórnar til að koma á nauðsynlegum breytingum, þá stendur nágranni með presti sínum og kýs hann. En hann mun ekki standa í stappi við félagas sína í Lions, sveitunga, Framsóknarmenn eða nokkurn mann.

Hverjir hafa rödd og hverjir hafa enga rödd í kirkjulegu samfélagi?

1. Börn, unglingar, ungir fullorðnir og fólk sem gengur í gegnum lífskreppur og sálræna erfiðleika hefur enga rödd. “Það er vont að prófílera sig sem æskulýðsprestur”, sagði einn áhrifavalda í máli mínu. Annar fussaði, þegar ég sagði honum að ég hefði lagt mikla áherslu á sálgæslu í starfi. Það er ekki vænlegt til að byggja upp söfnuð með sálgæslu, meinti hann.
2. Foreldrar og aldraðir hafa einhverja rödd, þeir láta til sín taka, þegar þeir hafa tengst presti sínum eða þegar þeim er misboðið.
3. Félagsfærir einstaklingar, fólk sem vill prófílera sig sem kirkjunnar fólk, nýta tengsl sín til góðs. Athafnafólk, fólk sem þarf eða vill gefa eitthvað af þeim gæðum sem það hefur fengið frá samfélaginu til baka til samfélagsins. Ekki spillir að það fær á sig ímynd mannvinnar vegna nálægðar við kirkjuna. Þá nefni ég fólk sem hefur löngum tengst kirkju og kirkjulegu starfi, hvort heldur sem það er vegna áhuga eða vegna þess að þannig hefur fjölskylda þess alltaf gert. Þessi hópur hefur mest atkvæði í kirkjunni. Honum svipar til kirkjueigenda forðum, og ég ætla að nota orðið kirkjueig-endur yfir þennan hóp í þessum fyrirlestri, þar sem mig skortir annað betra orð.
4. Kirkjustjórn og tilsjónaraðilar. Biskupar, prófastar og líka sóknarprestar. Ég tel þá í sama hóp því að þeir eru aldrei í hópi kirkjueigenda nema til komi sterk biskupakirkja eða páfakirkja. Minni á kirkjusögulegar deilur um kirkjustaðina, frá Guðmundi góða til Staða - Árna, en fer ekki nánar út í þá sálma nú. Það ætti hinsvegar að vera ljóst að ef þessi síðasti hópur er ekki samstíga, má hann sín lítils við kirkjueigendurna, eins og sannaðist í ólíkum málum eins og þegar Guðmundur góði missti Hóla og fór á

vergang. Ég held að einnig megi draga þennan sama lærdóm af reynslu þeirra presta sem hafa lent upp á kant við söfnuði sína undanfarin ár og þurft að víkja úr embætti.

Allir þessir hópar sem ég taldi upp hér fyrir ofan geta auðveldað en jafnframt torveldað störf sóknarprestsins. Það hjálpar prestinum að vita hvað þeir vilja og hvert þeir ætla. Ekki er samt alltaf víst að skilaboð séu á hreinu og á yfirborðinu. Á ensku er talað um “hidden agenda” í því tilfalli, og í minni sögu eru það orðin “þú áttir að vita þetta, finna það á þér”, sem áhrifamaður í máli mínu lét falla til að firra sig ábyrgð, a.m.k. í eigin huga.

Í sálgreiningunni og væntanlega í sálgæslunni er okkur kennt að greina það hvaða tilætlun sé sanngjörn og hvað ekki, á ensku heitir þetta “a reasonable request”. Ég staðhæfi það hér án frekari raka, að það er ekki “reasonable” að ætlast til þess að sóknarprestur eða nokkur maður lesi hugsanir eins og bók er lesin, það er náðargáfa að geta lesið milli línanna og hún er ekki öllum gefin.

Að þessu sögðu er það og hlýtur það að vera kostur og krafa sem við gerum til stjórnenda, að þeir geti lesið og greint aðstæður. Ég legg því til, í fullri alvöru, að sóknarprestar mennti sig til stjórnunarstarfa meðfram vinnu, eins og fólki er boðið upp á, jafnframt því að sækja félagsstörf sem reyna á þá hæfni, að geta lesið og greint aðstæður. Það gagnast presti að hafa tekið þátt í pólitík, vera frímúrari eða framarlega í Lions, því að má taka út þroska og efla félagslegar gáfur sem sóknarprestur þarf að vera gæddur.

Þau sem fóru ekki þessa leið geta bætt meistara Sun Tsu, sem skrifaði bókina “Listin að heyja stríð” í verkfærakistu sína. Sun Tsu segir að list stríðsins felist í því að greina styrk og veikleika andstæðinga, og koma sér þannig fyrir á vellinum, að aldrei þurfi að koma til stríðs. Stríð vinnast m.ö.o. áður en fyrsta höggið dynur. Góður stríðsherra þarf ekki að láta sverfa til stáls.

Greining umhverfisins, vígvallarins er grundvallaratriði, vilji sóknarprestur halda embætti. Vilji, draumar, langanir, ótti og hugsjónir þeirra sem eru á þessum velli eru það sem sóknarpresturinn þarf að vita um, lesa og taka mark á. Skoðum aftur hugarkortið.

Hvert á sóknarpresturinn að beina starfsorku sinni og athygli?

Hverskonar prest þarfnast kirkjan, samfélagið? Til þess að komast að því hefur þjóðkirkjan lagt út í safnaðaruppbyggingu og kirkjustjórnin, einstaka prófastsdæmi og einstaka sóknir í stefnumótunarvinnu. Er það sóknarprestinum nóg að framfylgja sameiginlegum ákvörðunum sem teknar eru með þessum hætti?

Þegar ég horfi til þess hvernig sumum hefur tekist að framfylgja stefnumálum kirkjunnar eins og þeim að ferma ekki á skírdag ... er svarið nei. Hvað liggur til grundvallar ákvörðun okkar hverjum við þjónum mikið, minna, minnst og alls ekki? Er það vitund okkar um hvers söfnuðurinn þarfnast eða fullvissan um það að ef við gerum ekki eins og þeir sem hæstan hafa róminn, þá verðum við ekki langsetin í embætti?

Þegar ég horfi á það með hvaða hætti kirkjustjórn hefur fylgt eftir stefnumótunar- og safnaðaruppbyggingarvinnu (og plastað hana að átaki loknu) þá held ég að því miður sé það enn svo að sóknarprestur verður að beygja sig undir vilja kirkjueigenda - að minnsta kosti kunna að sjá hverjir þeir eru, hvað þeir vilja, vingast við þá og hafa þá góða, hverjir sem þeir eru, sama hversu kirkju- og mannhollir þeir eru, og vona að það dugi til að lifa til næsta skipunartíma.

Vilji kirkjueigendur byggja - dýrar en réttlæt看legt er, þá stöðvar þá fátt, eins og sást á kirkjubyggingu í Grafavogi (og Ástjarnarsókn er á leiðinni að verða eins og Grafarvogur, þegar horft er til mannfjölda og ákefð að hefjast handa og byggja). Við þekkjum dæmi þess að kirkjueigendur vilja status quo, jafnvel þótt það þýði tómlæti safnaðar og tóma kirkjubekki, þeir sinna kirkjuhúsinu og umhverfi þess á kostnað starfs sem kostar líka peninga. Það stöðvar þá fátt, meðan prófastsdæmi og biskupssdæmi situr hjá og kvartar í hljóði.

Meistari Sun Tsu sagði að þegar við öflugan óvin er að etja, þá leyfir snjall hershöfðingi honum að ráðast inn í landið, lengra og lengra og ræðst svo að birgðarlínum hans, þegar þær eru orðnar langar og berskjaldaðar. Betra er þó að láta ekki koma til stríðs heldur að veitast að bandalögum þeirra pólitískt og diplómátsíkt, einangra og þannig veikja þá. Hvort tveggja eru þó vandaverk og snýst um vilja þess sem þarf að takast á til að berjast fyrir köllun sinni og rétti.

Þáttur fjölmiðla

Í hvert sinn sem nýr sóknarprestur kemur til starfa í söfnuði sínum má ætla að fjölmiðlar taki við sér og skrifi persónufrétt. Sóknarpresturinn er opinber persóna og vonir eru bundnar við hann. Því meira sem ber á honum eða á embættinu, því meiri umfjöllun. Umfjöllunin getur hjálpað en einnig hindrað störf og friðinn í söfnuðinum. Meðan presturinn er nýr í starfi, nýtur hann velvildar, er settur í stall einskonar Messíasar, sem öllu á að breyta.

Við höfum á undanförunum árum séð hverskonar ólíkindatól fjölmiðlar eru. Þeir veitast að einum sem þeir hömpuðu daginn áður. Þar er enginn munur á. Fyrirséð er að nákvæmni í framsetningu mála í fjölmiðlum er valkvæm, það sem selst er haft að leiðarljósi. Ofan á hefðbundna fjölmiðla bætast síðan áhugamannafjölmiðlun, blogg

og umræðuhópar, þar sem Gróa á Leiti ritstýrir og nafnlausir jafnt sem nafntogaðir segja það sem þeim dettur í hug. Staksteinar og aðrir sem eru nafnlausir eða villa á sér heimildir eru einnig álitsgjafar.

Ég hugsa að kirkjuleg ágreiningsmál, sem varða heill safnaðar, séu best geymd utan við fjölmiðla, sem geta dregið umræðuna hvert sem er, þó aðallega frá málefni og að persónunum sem takast á. Auðvelt er að kljúfa söfnuði, sem þegar eru veikir fyrir, t.d. þar sem fyrir er rík fríkirkjuhefð, eins og í Hafnarfirði, þar sem fríkirkja telur 20 - 30% kristinna í sumum hverfum. Auðvelt er að gera menn ærulausa í beinni útsendingu, eins og við sáum í sársaukafullum málum presta og biskups undanfarin ár.

Líkja má fjölmiðlum við blettatígurinn, sem Bettí frá Kletti átti samskipti við:

Nett og broslétt hún Bettí frá Kletti,

setti á þófssprett á blettóttum ketti.

Hún hló dátt út á hliði,

kom til baka í kviði.

En ketti lék köld gretta um smetti.

- þýð. Þórður Örn Sigurðsson

Lög og reglur

Mál mitt hefur runnið eftir lagakrókum sem lögfræðingar kirkjustjórnar og mín hafa greint á um að séu færar. Reynsla mín af ferli laganna sem biskup vildi fara (fyrst ég tók ekki starfslokasamningi í nóvember sl.) er þessi:

Lög og málaferli eru eingöngu til þess að rétta lítilla það sem rétta má þegar rykið hefur sest. Mér finnst merkilegast að biskupsembættið hefur knúið fram lagalegt ferli sem spyr ekki fyrir en lokum er náð, sé þá nokkur til að spyrja. Ef skoðaðar eru tillögur Kristjáns Björnssonar f.h. kirkjuráðs um breytingu á starfsreglum v. lok skipunartíma presta, má sjá tilraun kirkjuráðs til að auðvelda málsmeðferðinni að renna sjálfrennandi til málaloka og loks í hendur biskups, sem á að vera ráðgjafi, tilsjónarmaður, áminnandi og loks úrskurðaraðili. Andmælarétti prests er best komið í lokin (eða í mýflugumynd á safnaðarfundi, þar sem hann má, vilji hann, ávarpa fundinn, en síðan yfirgefa, vilji fundur leyfa tæpitungulausar umræður um prestinn í friðið fyrir prestinum). Þegar allt er um garð gengið, og niðurstöður liggja fyrir getur prestur ekki einusinni vísað til áfrýjunarnefndar, enda er álit úrskurðarnefndar ekki úrskurður. Vó það álit þó afar þungt í mínu máli.

Sameinuð eða sundruð

Meistari Sun Tsu benti á það að sérhvert ríki sem er sundurþykkt er veiklað fyrir árásum. Lítil samheldinn her sigrar stóran sundurþykkan.

Ég spurði í upphafi hverjum útskiptanleiki prestanna þjónar. Ljóst er að hann þjónar þeim sem láta sig það miklu varða, hver þjónar hvaða embætti.

Í kirkju, þar sem það er eðlilegt að fáir mæti á aðalsafnaðarfundum, þar sem fjölmennir aðalsafnaðarfundir er merki um að eitthvað sé að, eða að byggja eigi nýja kirkju, verða til eigendur kirkjunnar. Hverjum þjóna þeir?

Flestir sem leita til sóknarprests eru skjólstaðingar (sálgæsla), ungir foreldrar (skírn), fólk á krossgötum í lífinu (jarðarfarir og brúðkaup), já og fermingarbörn og fjölskyldur þeirra. Hve margir söfnuðir hampa þessum hópum og leyfa þeim að vera pólitísk stærð?

Aldraðir eru og geta reyndar orðið þungur hagsmunahópur. Þeir geta brugðist ókvæða við sé eitthvað frá þeim tekið, skiljanlega. Þegar við horfum til þessa þjóðfélagshóps sjáum við að virkast er fólk rétt í kringum eftirlaunaaldurinn, sem er ennþá fullt starfsorku, mannglegrar reisnar og man þá tíma, sem það hafði þau áhrif sem það vildi hafa. Slíka einstaklinga er helst að finna í samtökum aldraðra, félagsstarfi aldraðra og eru e.t.v. um 10 - 20% þess þjóðfélagshóps.

Hvað gerist ef í sóknarnefnd velst fólk sem vill umfram allt byggja hús og fegra umhverfið, en ekki byggja söfnuð og samskipti? Í sjálfu sér ekki mikið, fá slík nefnd ekki hljómgrunn hjá kirkjustjórn. Kirkjustjórnin getur jú ráðið nokkru um það, hvert byggingarfé úr jöfnunarsjóði er úthlutað. Eða hvað? Hvað ef kirkjan er í fjárhagkröggum, eins og kaþólska kirkjan í Hafnarfirði, sem selur lendum utan af sér til byggingarfyrirtækja? Þær eru ekki verðlausar, kirkjulóðirnar og jarðirnar. Það er eftir einhverju að slægjast. Getur verið að tími Oddaverja og Sturlunga sé að renna upp aftur, þar sem höfðingjar þessa lands, nýríkir af víkingaferðum og verslun erlendis þetta veldi sitt?

Hvað gerist, þegar kirkjustjórn tekur til sín öll völd í máli presta, tilsjón, sálgæslu, dómsvald og vald til að ráða og reka? Slík kirkjustjórn verður afskaplega berskjölduð fyrir ágangi þeirra sem vilja koma málum sínum í gegn, hvort heldur sem þau eru skynsamleg, rúmast innan stefnu kirkjunnar í heild sinni, stefnu safnaðarins eða ekki.

Kirkjustjórn sem felur sama embætti allt vald í málefnum sóknarprests brýtur ekki eingöngu gegn þrískiptingu valdsins í lýðræðissamfélagi, heldur stillir sama embætti til að vera brimbrjótur gegn öllum þeim sem vilja og geta ráðið því sem þeir vilja. Ég

kalla það að haga svo málum, að embættið muni ekki geta staðið undir væntingum.
“Set up to fail”, heitir þetta á ensku.

Alvarlegast er þó að með þessu er biskupsembættið gert svo berskjaldað fyrir ásókn kirkjueigenda, að biskup hættir að vera biskup og verður eins og hver annar framkvæmdastjóri sem ræður og rekur að vilja stjórnarmanna og hluthafa.

Þegar upp er staðið, stöndum við frammi fyrir því að með fimm ára ráðningu sóknarprests, og með þeirri fyrirtækja- og atvinnumenningu sem nú ríður húsum hér á landi, er ekki eingöngu staða sóknarprestsins veik heldur líka biskups og prófasts og allra þeirra sem vilja standa í uppbyggingarstarfi. Sóknarmaður einn sagði á almennum safnaðarfundi í Tjarnaprestakalli:

“Það er ekki vænlegt fyrir sveitafélag að skipta út skólustjóra á fimm ára fresti, bara af því að það er hægt. Skólinn líður fyrir svoleiðis vinnubrögð.”

Afnám æviráðningar og aukinn réttur safnaða til að ráða og reka prest rýrir getu kirkjunnar allrar að móta stefnu sína á forsendum laga, stefnumótunarvinnu, guðfræði og lýðræðis. Hún auðveldar geðþótta og fyrirgreiðslu og færir kirkjuna af þeim grunni sem hún er kölluð til að standa á, sem er að blása krafti í veikan hug og sál og reisa við brotinn hálm.

Gert í júní 2007

Carlos Ferrer, sóknarprestur í Tjarnaprestakalli

Heimildir:

Handbók um réttindi og skyldur presta, Þjóðkirkjan, apríl 2007.

Sun Tzu on the Art of War, Lionel Giles þýddi (1910),
<http://www.chinapage.com/sunzi-e.html> (sótt í júní 2007).

Tillaga að starfsreglum, 9. mál í málaskrá kirkjuþings 2007, flm. Kirkjuráð, frsm.
Kristján Björnsson,
<http://www.kirkjan.is/kirkjuthing/?malaskra/2007/mal09?prenta=1> (sótt í júní 2007)